



Varðandi: Starf skólastjóra í Grundaskóla

Málsnúmer: 1602104

Dagsetning: 10. febrúar 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að ráðningastofan Capacent annist úrvinnslu umsókna vegna ráðningar skólastjóra við Grundaskóla. Tengiliðir við Capacent verða Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Gunnar Gíslason ráðgjafi.

Ennfremur samþykkir bæjarráð kostnað vegna hönnunar og auglýsingar í fjölmiðlum. Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

GREINARGERÐ: Starfandi skólastjóri Grundaskóla hefur sagt upp störfum frá og með 1. júní næstkomandi. Lagt er til að hefja ráðningarferli nýs skólastjóra sem fyrst. Skóla- og frístundaráð mun fara yfir og samþykkja hæfniskröfur fyrir starfið á fundi sínum þann 11. febrúar en stefnt er að því að auglýsa í helgarblöðunum.

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að auglýsingin verði áberandi þannig að hún verði um leið góð kynning á því frábæra skólastarfi sem er unnið á Akranesi.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.



Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri